

FRÁSÖGN

af Norðurlandaráðsþingi í Osló 30. október til 1. nóvember 2018.

Af hálfu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs sóttu fundinn þau Oddný G. Harðardóttir starfandi formaður, Kolbeinn Óttarsson Proppé, Steinunn Þóra Árnadóttir, Anna Kolbrún Árnadóttir, Vilhjálmur Árnason og Ólafur Ísleifsson, auk Helga Þorsteinssonar ritara. Einnig komu á þingið Steingrímur J. Sigfússon, forseti Alþingis, Guðjón S. Brjánsson, formaður Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins, Sigurður Ingi Jóhannsson, samstarfsráðherra Norðurlanda, Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, Lilja D. Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra og Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra. Norðurlandaráðsþing var að þessu sinni haldið í Stórþinginu í Osló.

Nokkrar breytingar á nefndarsetu íslensku þingmannanna voru samþykktar í tengslum við þingið. Steinunn Þóra Árnadóttir fluttist úr velferðarnefnd í forsætisnefnd Norðurlandaráðs, Kolbeinn Óttarsson Proppé fór úr sjálfbærnefnd í velferðarnefnd og Ólafur Ísleifsson fluttist úr velferðarnefnd í hagvaxtar- og þróunarnefnd.

Á þinginu var samþykkt tillaga um að gera íslensku og finnsku að opinberum tungumálum í Norðurlandaráði til jafns við sænsku, dönsku og norsku. Það voru landsdeildir Finnlands og Íslands sem upprunalega óskuðu eftir því að jafna stöðu tungumálanna í Norðurlandaráði. Sú tillaga sem samþykkt var á Norðurlandaráðsþingi var málamiðlun en felur í sér að túlkun og þýðingar aukast verulega á fundum Norðurlandaráðs. Enn á þó eftir að ræða nánari útfærslu. Í tillögunni segir einnig að skrifstofa Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn eigi framvegis alltaf að vera þannig mönnuð að til staðar sé góð kunnátta í öllum málunum fimm. Vinnutungumálin á skrifstofunni verða þó eftir sem áður sænska, danska og norska.

Samþykkt var tillaga frá flokkahópi jafnaðarmanna um samnorræna jafnlaunavottun sem byggist á reynslu Íslendinga á þessu sviði. Velferðarnefnd Norðurlandaráðs hafði tillöguna til ítarlegrar meðferðar og umræðu og lagði til ýmsar viðbætur. Í tillögunni eins og hún var samþykkt á Norðurlandaráðsþingi eru tilmæli til Norrænu ráðherranefndarinnar um að aðstoða ríkisstjórnir Norðurlanda við gerð samnorrænnar jafnlaunavottunar, um að miðla milli Norðurlanda góðum dæmum um aðgerðir gegn kynjuðu námsvali til að forðast kynjaskiptan vinnumarkað og um að miðla góðum dæmum um tækifæri til að velja fullt starf í stað hlutastarfs.

Á þinginu var samþykkt samhljóða tillaga um að hvetja ríkisstjórnir Norðurlanda til að láta gera úttekt á tækifærum til aukins norræns samstarfs í Norður-Ameríku, meðal annars í tengslum við kynningarstarf og í samstarfi milli norrænna sendiskrifstofa. Oddný G. Harðardóttir mælti fyrir málinu fyrir hönd forsætisnefndar Norðurlandaráðs. Hún benti á að í Bandaríkjum og Kanada væru tólf milljónir manna sem skilgreindu sem norrænnar ættar og í því fælust mikil tækifæri til samstarfs og norrænna áhrifa.

Samþykkt var tillaga frá þekkingar- og menningarnefnd Norðurlandaráðs, sem byggðist á tillögu frá flokkahópi miðjumanna, um að fela Norrænu ráðherranefndinni að kanna möguleika á að koma á fót samnorrænu doktorsnámi. Anna Kolbrún Árnadóttir mælti fyrir tillögunni og benti á að þegar hefði fengist góð reynsla af norrænu meistaranámi.

Í þinginu var tekin til fyrstu umræðu tillaga frá flokkahópi hægri manna, sem komin er til að frumkvæði Vilhjálms Árnasonar, um samstarf norrænna lögregluþyrvalda gegn tölvubrotum og á sviði réttartækni

Kolbeinn Óttarsson Proppé mælti fyrir tillögu frá flokkahópi vinstri grænna um að ríkistjórnir Norðurlanda vinni saman að því að draga úr og hætta vinnslu jarðanefnaeldsneytis á Norðurlöndum fyrir árið 2030. Kolbeinn sagði að Norðurlöndum og öðrum vel stæðum löndum bæri sérstök skylda til að bregðast af krafti við þeim alvarlega vanda sem steðjaði að í loftslagsmálum.

Sænski þingmaðurinn Jessica Polfjárd var kjörin forseti Norðurlandaráðs fyrir árið 2019. Hún er úr Hægri flokkinum (*Moderaterna*) og hefur setið á þingi frá árinu 2006 og var í Norðurlandaráði fram til ársins 2010. Hún var þingflokksformaður Hægri flokksins 2015-2017. Polfjárd tekur við forsetaembættinu af norska þingmanninum Michael Tetzschner. Í ræðu Polfjárd eftir kjörið kom fram að í formennskutíð Svía yrði lögð áhersla á jafnrétti, loftslagsmál, stjórnsýsluhindranir og lýðræði. Sænski jafnaðarmaðurinn Gunilla Carlsson var kjörin varaforseti. Aðildarlöndin skiptast á að fara með formennsku í Norðurlandaráði. Næst kemur að Íslandi árið 2020.

Íslendingar hlutu tvenn af fimm verðlaunum Norðurlandaráðs sem afhent voru við hátíðlega athöfn í óperuhúsinu í Osló 30. nóvember í tengslum við þingið. Auður Ava Ólafsdóttir fékk bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir skáldsöguna *Ör* og Benedikt Erlingsson hlaut kvikmyndaverðlaunin fyrir myndina *Kona fer í stríð*. Þetta er í annað sinn sem Benedikt hlýtur verðlaunin. Færeyski rithöfundurinn Bárður Oskarsson hlaut barna- og unglingabókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir myndabókina *Træið*, tónlistarverðlaunin komu í hlut norska tónskáldsins Nils Henrik Asheim fyrir verkið *Muohta* og Náttúruauðlindaráðið í Attu á vesturströnd Grænlands fékk umhverfisverðlaunin fyrir starf að skrásetningu upplýsinga um hafsvæði og tillögur um stjórnun þeirra.

Forsætisráðherrar Norðurlanda funduðu með forsætisráðherra Bretlands í Osló undir yfirskriftinni *Northern Future Forum* dagana 29.-31. október, en þetta var í sjötta sinn sem slíkur fundur er haldinn. Að þessu sinni var þema fundarins þróun og nýsköpun á sviði heilsutækni og heilbrigðismála. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra átti jafnframt tvíhliða fundi með May, Ernu Solberg, forsætisráðherra Noregs, og Juha Sipilä, forsætisráðherra Finnlands.

Að forsætisráðherrafundunum loknum ávarpaði Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, Norðurlandaráðsþing. May lagði áherslu á að úrsögn Breta úr Evrópusambandinu þýddi ekki að Bretar væru að snúa baki við heiminum og því síður Norðurlöndunum. Bretar myndu áfram vera virkir þátttakendur í starfi Sameinuðu þjóðanna, NATO, Northern Future Forum og öðru fjölliða og tvíhliða samstarfi við Norðurlönd. Hún nefndi að Norðurlandþjóðirnar og Bretland ættu samleið í ýmsum málum, þar á meðal í þróunar- og umhverfismálum, og sagði í því sambandi að hún fagnaði þeirri áherslu sem Íslendingar ætluðu að leggja á hafið í formennskutíð sinni í Norðurskautsráðinu sem hefst á næsta ári. May sagði að Norðurlönd og Bretland þyrftu að taka höndum saman um að verja sameiginleg gildi landanna sem tengjast lýðræði, jafnrétti og mannréttindum og vinna gegn öflum sem reyndu að grafa undan alþjóðakerfinu og reglum þess. Hún nefndi þar sérstaklega hvernig Rússar hefðu nýlega beitt efnavopnum í Bretlandi og að þar hefðu Norðurlöndin fimm öll sýnt Bretum stuðning.

Að ræðu Theresu May lokinni beindu fulltrúar flokkahópa til hennar fyrirspurnum. Efni þeirri snerist fyrst og fremst um það hvernig tryggja mætti áframhaldandi samstarf landanna, viðskipti og frjálsa för. Finnski þingmaðurinn Wille Rydman, talsmaður flokkahóps hægri manna, sagðist harna úrsögn Bretlands úr ESB vegna þess að Bretar hefðu

verið öflugir bandamenn Norðurlanda þar. Hann spurði hvernig Bretland hygðist sinna mikilvægu hlutverki sínu í evrópskum öryggismálum framvegis. May sagði að Bretar hygðust áfram leggja áherslu á öryggismál á norðurslóðum og kanna möguleika á tvíhliða samstarfi og taka höndum saman við önnur lönd þegar aðstæður krefjast þess eins og gerðist í tengslum við efnavopnaárás Rússa í Salisbury í Bretlandi á dögnum. Danski þingmaðurinn Christian Juhl, sem var talsmaður flokkahóps norræna vinstri grænna, sagði að flokkahópur hans vonaðist til þess að framvegis yrði auðveldara fyrir lönd að segja sig úr Evrópusambandinu, úrsögn Breta hefði verið of flókið ferli. Hann sagðist þó vonast til þess að Bretar veldu “mjúka” úrsögn. Hann spurði May hvaða leið Bretar myndu fara í umhverfis- og loftslagsmálum eftir úrsögn, hvort áfram yrði starfað í evrópskum og norrænum anda og á grundvelli samninga eða hvort farið yrði að fyrirmynd Bandaríkjamanna sem farið hefðu sínar eigin leiðir á síðustu árum. May sagði að Bretar hefðu ekki fylgt í fótspor Bandaríkjamanna, að þeir yrðu áfram aðilar að Parísarsamkomulaginu í loftslagsmálum og myndu sýna metnað í þessum málum.

Forsætisráðherrar Norðurlanda fluttu að vanda framsögur og sátu fyrir svörum á þinginu. Katrín Jakobsdóttir fjallaði í ræðu sinni um áhrif nýrrar tækni á pólitíska umræðu. Hún væri að sumu leyti til góðs en jafnframt væri hægt að nýta hana til skaðlegs áróðurs með því að misnota persónulegar upplýsingar og senda sérsniðnar, falskar og villandi upplýsingar til einstaklinga eða hópa í því skyni að skapa glundroða. Í þessu fælist áskorun fyrir opin samfélög á borð við Norðurlönd sem byggjast á trausti. Hún sagðist þó bjartsýn á að hægt væri að takast á við þessar áskoranir með hjálp menntunar og með því að gera fólk meðvitað um hætturnar. Katrín kynnti jafnframt á þinginu formennskuáætlun Íslendinga í Norrænu ráðherranefndinni fyrir næsta ár. Í henni er lögð áhersla á þrjú málefni: Ungt fólk, sjálfbæra ferðamennsku og málefni hafsins.

Í fyrirspurnum til forsætis- og samstarfsráðherra lögðu Steinunn Þóra Árnadóttir og Oddný G. Harðardóttir áherslu á jafnréttismál og misskiptingu auðs. Oddný spurði Margot Wallström, utanríkis- og samstarfsráðherra Svíþjóðar, hvort Norðurlönd þyrftu ekki að snúa bókum saman til að verja sjálfsákvörðunarrétt kvenna í ljósi pólitískrar þróunar á Norðurlöndum, víðar í Evrópu og í Bandaríkjunum. Wallström tók undir orð Oddnýjar og sagði það áhyggjuefni að kvenfjandsamlegir einræðisherrar hefðu komist til valda víða um heim.

Næsti fundur Norðurlandaráðs verður haldinn 21.-22. janúar á Íslandi. Vorþing Norðurlandaráðs verður haldið 8.-9. apríl í Kaupmannahöfn og haustþingið verður haldið 28.-31. október í Stokkhólmi. Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu www.norden.org.

